Leikreglur

Hver leikmaður velur sér bók við hæfi** (í léttari kantinum), **sem gæti skemmt samspilurum því alltaf er lesið upphátt. Bókin er höfð við hendina meðan spilað er.

1-4 leikmenn
Þessi útgáfa er spiluð líkt og hefðbundið Lúdó.

Hér er hver leikmaður aðeins með 2 peð (hægt að hafa 4 ef vill). Yngsti leikmaðurinn byrjar og svo koll af kolli réttsælis. Þegar röðin kemur að leikmanni færir hann 1 leikpeð á fyrsta reitinn í sínum lit og fer eftir fyrirmælum, til að ná næsta leikpeði „út" þarf leikmaður að fá ákveðna tölu á teningnum (aðeins er notaður einn teningur). Peðið færist um jafnmarga reiti og teningurinn sýnir. Fylgja þarf þeim fyrirmælum sem standa á viðkomandi reit, annars situr leikmaður eftir eina umferð. Alltaf á að lesa upphátt. Skrifið niður hversu oft þið lesið. Sá vinnur sem kemst fyrst í kringum spilaborðið og „heim" með öll peðin sín, ekki þarf að fá nákvæma tölu til að komast „heim".

Gott er að hafa vatnsglas við höndina.

Til viðmiðunnar:

1-2 bekkur (byrjendur í lestri) Lesa 2 línur nema annað sé tekið fram. Þurfa að fá 6 eða 1 til að komast með seinna peð „út"

3-4 bekkur Lesa 5 línur nema annað sé tekið fram. Þurfa að fá 6 eða 1 til að komast með seinna peð „út"

5-6 bekkur Lesa 15 línur nema annað sé tekið fram. Þurfa að fá 6 til að komast með seinna peð „út"

7-8 bekkur Lesa 25 línur nema annað sé tekið fram. Þurfa að fá 6 til að komast með seinna peð „út"

9-10 bekkur og eldri (fluglæs) Lesa 35 línur nema annað sé tekið fram. Þurfa að fá 6 til að komast með seinna peð „út"

Meta þarf hversu margar blaðsíður á að lesa eftir lestrargetu viðkomandi, passa að velja bók við hæfi.

Það er hægt að fylla út miða eftir hvern leik, fleiri miðar meiri möguleikar á vinningi. Dregið út einu sinni í viku í allt sumar.